

Erfiðleikar
aldaskiftanna.

Eftir dr. Helga Pjeturss.

Hinn frægi læknir dr. Skúli Guðjónsson sendi mjer um daginn bók sem mjer þótti mikill fengur í. En það er bók dr. Alexis Carrels, sem þegar er heimskunnur orðin, Man the Unknown, Maðurinn, hin óþekta vera. Er þarna um sannfemnda aldaskiftabók að ræða, einsog fyrirsögn 8. þáttarins, The Remaking of Man, Endursköpun mannkynsins, nálega nægir til að sýna. Dr. Carrel hefir lengi haft á sjer mikið orð sem læknir og líffræðingar og aðstaða hans um þau efni verið í besta lagi, enda er þessi bók hans mjög mikilsverð, og margt sem jeg mundi óska að geta ritað um og í sambandi við hana. Hefi jeg þegar nokkuð að þessu gert, eftir greinum, sem jeg hafði um hana lesið. En bókin er þó miklu merkilegri en af þeim greinum mátti ráða. Þó hygg jeg að enn betur hefði orðið í þeim efnum, ef kenningin um hinar tvær stefnur, dys-exelixis og diexelixis, helstefnu og lífstefnu, hefði verið orðin nægilega kunn, því að þá má nákvæmlega átta sig á því hvar mannkynið er nú státt á verðandibrantinni. En hjer er um að ræða þann þátt heimfræðinnar, sem er einleum nærtækur jarðfræðingi að fást við. Jarðfræðin sýnir oss hvernig lífið hefir hjer á jörðu

sótt fram um miljónir alda, við svo mikla erfiðleika, að framsóknin varð aldrei hrein framför. Og er þó sjerstaklega íhugunarvert, að jafnvel þó að tækist að vaxa fram til mannkyns, þá gat ekki um þúsundir alda skapast viðunandi mannlíf eða mannfjelag. Jarðfræðingnum hlýtur að verða það mikið umhugsunarefni, hvort ekki sje eitthvart takmark sem leitast sje við að ná, þótt ekki hafi tekist á svo löngum tíma, og hvort viðburðarásin geti ekki orðið á þá leið, að viðleitnin takist. Og það getur enginn vafi á því leikið, að svo er. Lífið hjer á jörðinni leitast við að ná þeim þroska sem þarf til þess að samband takist við lífið á öðrum jörðum. Og þegar það verður, þá er horfið frá helstefnu til lífstefnu. Þá verður fyrst í sannleika farið að lifa. Og hinum fyrsta veika vísi til þeirrar stefnubreytingar, verður að gefa góðan gaum, því að öðrum kosti fara jelin í mannkynssögunni stórum stækkandi, einsog jeg hefi reynt að vekja athygli á fyrir löngu. Hefir gangur sögunnar síðan, verið mjög í samræmi við það sem jeg hafði sagt, einsog hægt er að sannfæra sig um með því

að lesa ritgerðir mínar. Sú skoðun er eigi allsjaldan í ljós látn, að hin örsmáa íslenska þjóð geti ekki á neinn hátt haft nokkur áhrif á gang heimsmálanna. En þetta er hinu mesti misskilningur. Sumar þær þjóðir, sem mesta þýðingu hafa haft fyrir þróun mannkynsins, voru smáþjóðir, og íslenska þjóðin getur fengið jafnvel enn þá meiri þýðingu í þá átt, en nokkur smáþjóð hefir áður haft. Því að einmitt í þessu úrslitamáli sem á var vikið, getur íslenska þjóðin átt upptökin. Og þegar á þá leið verður snúið mun Ísland fljótt verða í sannleika Farsælda Frón. En ekki þarf að vera í efa um, að verði þessu máli ekki sint, mun illa fara. Hjer á jörðu hefir verið að verða sífelt ógurlegra um að litast, einmitt eftir að hinn fyrsti skilningur á möguleika full-

kominnar stefnubreytingar eða aldaskifta, sem kalla mætti, var orðinn til. Erfiðleikar aldaskiftanna eiga mest rót sína í því, hversu sljóir menn eru gagnvart sannleikanum. Gegen die Dummheit kämpfen die Götter selbst vergebens, sagði Schiller. Og jeg vil þýða þetta þannig: Þegar mennirnir þiggja ekki þann sannleika, sem mest ríður á að vita, þá verða sjálfir guðirnir að gefast upp við að hjálpa þeim.

15. sept.

Helgi Pjeturss.

Leiðrjetting.

Orð hafði fallið úr greininni „Lærið að tala“ í Lesbók 6. sept. Á að vera: „Þeir sem virðast ekki geta borið fram „s“,“ o. s. frv.

H. P.
